



Ræður, ályktanir, O.E.E.C., o.fl.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dóms- Heilbrigðis- og lðnaðarmálaráðherra – Landhelgismálið –
Ólafur Jóhannesson, kafli úr ræðu – O.E.E.C. – Minniblöð og uppkast

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-25, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að ég ámafi ekki ríkisstjórninni fyrir það út af fyrir sig, að hafa orðið við tilmælum Breta um viðræður um landhelgisrálið. Ég áfi, að út af fyrir sig, þá sé ekki státt á því fyrir eina þjóð og sízt smáþjóð, að enita að ræða mál við aðra þjóð. Og eins og kom fram í minni frumræðu, þá við ég ekki gera svo lítið úr þeirri háttu, sem af þessu máli gáti stafað, og ég vil ekki gera lítið úr þeirri nauðsyn, sem á því er að eyða þessari deilu, eins og það hefur verið orðað. Því að ég fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að ef þessi diela heldur áfram, þá heldur hún áfram að eitru andrúmsloftið á milli Íslendinga og annarra þeirra þjóða, sem þeir hafa verið í bandalagi með og hafa viljað hafa samstöðu með, geti orðið þyngra og erfiðara. Þess vegna tel ég það mikla nauðsyn, að Bretum sé komið í skilning um það, hvað hér liggur við, og ekkert tákifæri sé látið ónotað til þess að kynna þeim það, og ekkert tákifæri sé látið ónotað til þess að kynna málstað Íslendinga í þessu máli. Því að sannleik-urinn er sá, að ég áfi, og eins og við gerum sjálfsagt allir, að aðstaða Íslendinga í þessu máli sé sterk, og rök þau, sem þeir hafa fram að líflytja í þessu máli séu sterk. Til þess liggja ýmsar ástæður sem ekki skal farið út í hér, en það má í stuttu máli segja, að það hnígi að því góð rök, hvort heldur lítið er á lagarök, söguleg rök, þjóðhagsleg rök eða landfræðileg rök. Og þessi rök eigum við að kynna öðrum þjóðum hvar og hvenær sem tákifæri býðst. Og þess vegna eigum við ekki að skorast undan því, að eiga orðastað við aðrar þjóðir um þetta mál og eigum ekki að skorast undan því, að taka þá í viðræðum við ágar þjóðir um það. Og ég verð að segja, og vil láta það koma

fram í sambandi við þetta, að ég tel raunar eina veikleika-
merkið í okkar málstað hér vera það, ef rétt er hermt, að við
höfum neitað að leggja þetta mál til úrlausnar hjá Alþjóða-
dómstólum. Ef það er rétt, þá hefur verið haldið á annan
veg á þessu máli heldur en var gert 1952, því að ef ég man
rétt, og það leiðréttist þá hér á eftir, ef ég fer með rangt
mál, þá var það boð Íslendingaþá, að leggja það mál og þá
deilu, sem þar af spratt, undir úrlausn alþjóðasómstólsins,
þegar 4ra mílna landhelgin var ákveðin- þegar fjögurra sjó-
mílna landhelgin var ákveðin. Og vissulega er það svo, að smá-
þjóð verður að v rast það, að ganga lengra en svo, að hún geti
alltaf verið við því búin, að leggja mál sín undir útlaus al-
þjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki
annars staðar framar eða frekar skjóls að vanta heldur en hjá
alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki
valdið til þess að fylgja eftir sínum ákvörðunum, eins og
stórveldin. Og þess vegna hefði, að míku viti, hvert eitt
spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið, að við hefðum
verið við því búnir, að leggja það undir útlausn alþjóðadómstóls.

Allir eru sammála að sú ályktun, sem Alþingi Íslendinga gerði samhljóða hinn 5. maí 1959 sé sú umboðskrá, sem ríkisstjórnin hafi verið bundin við um meðferð þessa máls. Ályktunin hljóðar svo:

"Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenskri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafi efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi nú nýlega hvað eftir annað, jafnvel innan 4ra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja ~~íxx~~ Íslendinga til undanhalts, lýsir Alþingi yfir að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 2 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísendalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948 og að ekki komi til mála ~~xx~~ minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Auk mótmælanna gegn ofbeldisaðgerðum Breta eru þrjú efnisatriði í ályktuninni. Í fyrsta lagi lýsir Alþingi yfir að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi. Í öðru lagi að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis- umhverfis- umhverfis landið. Í þriðja lagi að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögununum um vísendalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.

Um fyrsta atriðið er berum orðum tekið fram, að í fyrsta lið orðsendingar utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Bretlands:

"Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn

12 mílna fiskveiðilögsögu um-hverfis Íslands --- ". Með viðurkenningu brezku ríkisstjórnarinnar á þessu grundvallaratriði er rutt úr vegi síðustu hindruninni gegn beitingu hins ótvíræða réttar, sem Alþingi Íslendinga hinn 5. maí 1959 lýsti yfir, að Ísland hefði til 12 mílna fiskveiðilögsögu. Hóðan í frá verður ekki um það deilt, að Íslandi erx einu ber þessi réttur og getur þar af leiðandi án samráðs við aðra ráðstafað honum eins og það telur sér henta.

Um annað meginefni ályktunarinnar frá 5. maí 1959 leiðir
1. lið
það af því, sem sagt var um/fiskveiðilögsagar verði hvergi minni en 12 mílur umhverfis landið. En vegna þeirra nýju grunnlína, sem ~~samkvæmt~~ samkvæmt 2. lið orðsendingar utanríkisráðherra Íslands er áskilið að Bretar viðurkenni leiðir að fiskveiðilandhelgin verður nú þegar 5065 fer-kílómetrum stærri en hún hafði verið ákveðin, þegar samþykktin 5. maí 1959 var gerð. Með hinum nýju grunnlínum fást færð inn fyrir íslenska fiskveiðilögsögu sum hin allra þýðingarmestu mið við Íslandsstrendur. ^{Um}úrslitaþýðingu þeirrar ákvörðunar verður ekki deild.

Stjórnarandstæðingar halda því raunar fram, að þennan rétt hefðum við getað tekið okkur hvenær sem okkur þóknaðist. En þá eiga þeir eftir að gera grein fyrir, af hverju þeir báðu ekki þá um þessar grunnlínur strax ~~í~~ 1958. Þá létu þeir standa óbreyttar grunnlínurnar, sem settar voru með reglugerðinni 19. marz 1952. Ef þeir töldu Íslendinga eiga rétt til annars og meira, af hverju beitti þeir þeim þá rétti þá ekki 1958? Um þetta hljóta þeir að verða krafðir svara nú og síðar og þá ekki síður um hitt, af hverju þeir í október 1960 lögðu fram frumvarp á Alþingi um að lögfesta þessar gömlu grunnlínur frá 1952. Óhagganleiki þeirra var

allt til hinna síðustu daga svo ríkur í þeirra huga, að jafnvel hinn 13. febrúar s.l. lögðu þeir til í nefndarálitum um lögfestingarfrumvarp sitt að samþykkja það óbreytt og þar með haggja í engu þessum grunnlínum. Á þessu athæfi er engin skýring önnur en sú, að þeir hafi talið breytingu ~~ex~~ þeirra svo fafasama að ekki væri á hana hættandi. Því augljósara er hversu mikla þýðingu það hefur, að Bretland, sem ætíð hefur staðið fastast gegn ~~hækkun~~ stækkunar fiskveiðilandhelgi okkar skuli nú fallast á þessa þýðingarmiklu breytingu. Bretar gera það að vísu gegn því að við af fullveldi Íslands yfir fiskveiðilögsögunni allri veitum þeim tímabundinn ~~hækkun~~ takmarkaðan rétt til veiða að nokkrum hluta fiskveiðilandhelgi okkar milli 6 og 12 mílna. Þeirri tímabundnu takmörkuðu veiðiheimild lýkur með öllu að þrem árum liðnum, þar sem grunnlínbreytingin og stækkunin, sem af henni leiðir stendur ~~ex~~ um alla framtíð. Ekki þarf að eyða orðum að því, hvort hagkvæmara er fyrir Ísland. Vinningur okkar er auðsær, jafnvel þótt miðað væri einungis við næstu þrjú ár, hvað þá ef lítið er til allrar framtíðar.

Þriðja meginatriði samþykktar ~~af~~ Alþingis hinn 5. maí 1959~~max~~ var sú yfirlýsing Alþingis, að afla beri viðurkenningar á rétti þessi til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948. Á orðalagi þessarar yfirlýsingar, ~~xx~~ um hinn ótvíræða rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi er djúptakur munur. Alþingi telur að afla þurfi viðurkenningar á réttinum til landgrunnsins, þar sem rétturinn til 12 mílna fiskveiðilögsögu sé ótvíræður. Hvernig er hægt að afla þessarar viðurkenningar nema með því að

á

fá hana með samningum milli einstakra ríkja, alþjóðasamningum, eða viðurkenningu alþjóðadómstólsins á því að þessi rettur sé fyrir hendi? Hér koma vissulega fleiri möguleikar ekki til greina.

Um þetta atriði segir í orðsendingu utanríkisráðherra Íslands til utaríkisráðherra Bretlands:

"Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaðar fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum ef annar hvort aðili óskar, skotið til alþjóðadómstólsins."

Með þessu bindur Ísland sig hvorki við þá viðurkenningu, sem fást kunni með samningum við einstök ríki, Bretland né önnur, né við þjóðarsamninga, heldur við það eitt, að einhver sú réttarheimild sé fyrir hendi, sem alþjóðadómstóllinn viðurkenni. Á þennan veg hafa Íslendingar tryggt sér að njóta góðs af allri þeirri þróun alþjóðaréttar, sem kann að vera ~~með~~ okkur til hags í þessum efnum. Á hvern hátt er betur hægt að tryggja sér þá viðurkenningu, sem Alþingi hinn 5. maí 1959 lagði fyrir ríkisstjórnina að ~~þessu~~ [?]

Með réttu eða röngu töldu ~~í~~ Íslensk stjórnarvöld á sínum tíma réttinn til 12 mílna fiskveiðilögsögu svo ótví-
ræðan, að óþarft væri að ^bgera hann undir alþjóðadómstólinn. Alþingi hefur hinsvegar lýst því berum orðum, að um réttinn til landgrunnsins alls þurfi að leita viðurkenningar annarra. Sú ályktun Alþingis var síður en svo af fljótræði gerð. Hún var tekin af vel íhuguðu máli og í fullu samræmi við yfirlýsta stefnu allra stjórnarmálaflokkanna á Alþingi fyrr og síðar.

Þegar deilt var við Breta um reglugerðina frá 19. marz 1952, þar sem nýjar grunnlínur voru aðalatriðið, sagði þáverandi ríkisstjórn, sem skipað var Steingrími Steinþórsyni, Hermanní Jónassyni, Eysteini Jónssyni, Ólafi Thors, Birni Ólafssyni og mér til að þeim ágreiningi yrði skotið til alþjóðadómsstólsins. Þá voru það Bretar sem ekki vildu fallast á þá málsmeðferð, heldur tóku upp löndunarbann á íslenskum ísvörðum fiski í þess stað.

ri
Á Genfarráðstefnunni fyrri 1958, þegar vinst~~ri~~ stjórnin sat við völd á Íslandi undir forystu Hermanns Jónassonar og Lúðvík ~~Jóns~~ Jósefsson réði meðferð ~~á~~ landhelgismálaná, lét íslenska stjórnin leggja fram tillögu um rétt strandríkis til ráðstafanna utan við sjálfa fiskveiðilögsöguna. Það var eitt meginatriðið, að ef ágreiningur yrði, skyldi gerðardómur skera úr. Sú tillaga náði þá ekki samþykki en var á ný flutt á ráðstefnunni 1960, þá að tilhlutan núverandi stjórnar en með samþykki allra íslensku fulltrúanna á Genfarráðstefnunni. Þannig var það tvívegis lýst yfir af Íslands hálfu á alþjóðavettvangi, að ekki væri unnt að gera ráðstafanir utan 12 mílna fiskveiðilögsögu nema ágreiningur út af þeim skyldi borinn undir dóm. Samskonar gerðardómsákvæði voru samþykkt um þær takmarkaðri heimildir til aðgerða utan eiginlegra fiskveiðilögsögu, sem heimilaðar voru á ráðstefnunni 1958. Íslendingar töldu þau ákvæði að vísu ekki ganga nógu langt, en hafa þá fest þau að efni til.

Ekki er þess vegna um það að villast, að Alþingi Íslendinga ~~hefur~~ talið þörf á viðurkenningu annarra á ráðstöfunum utan 12 mílna fiskveiðilögsögu og íslenskar ríkisstjórnir hafa fyrr og síðar boðið fram, að þann ágreining sem af

slíkum ráðstöfunum stafaði skyldi útkljá með dómi, ýmist sjálfum alþjóðadómsstólnum, eða af gerðardómi. Ef um gerðardóm eða alþjóðadómsstólinn er að velja, er augljóst að meiri trygging felst í ákvörðunum hins síðarnefnda.

En jafnvel þótt hér væri ekki um margyfirlýsta stefnu Alþingis og íslenzku ríkisstjórnarinnar að ræða, þá er hér slíkt grundvallaratriði, sem ekki má frá hvika. Hverju orði er ~~sannara~~ sannara það sem prófessor Ólafur Jóhannesson sagði ~~í~~ umræðum á Alþingi hinn 14. nóvember s.l.:

" --- Vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast það að ganga svo langt að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómsstóls, því að sannleikurinn er sá að smáþjóð á ekki annarsstaðar frekar skjóls að vænta ~~en~~ heldur en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Og þess vegna hefði, að mínu viti, hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið að við hefðum við við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómsstóls."

Gegn

Við Íslendingar höfum þegar reynt. ~~geg~~ okkur hefur fyrst ~~fyrr~~ verið beitt löndunarbanni og síðan herflota annars mesta sjóveldis heims. Þetta ætti að færa okkur heim sanninn um, hversu þýðingarmikið það er fyrir okkur að áframhaldandi viðleitni til ~~á~~ verndunar fiskistofninum umhverfis landið, að til slíkra valdbeltinga komi ekki frammar. Það verði lög og réttur sem skeri úr en ekki máttur hins styrkari. Hér er í raun og veru um það að ~~þá~~ ræða, að við sem öllum öðrum fremur þurfum á að halda verndar laga og réttar gerum upp hug okkar um, hvort við viljum vera

réttarríki eða ganga í hóp ofbeldisþjóða. Þarxgæx getur valið
alrei orðið ~~xxx~~ erfitt.

TRÚNADARMÁL

F R Á S Ö G N nr. 112

Þriðjudaginn 22. júlí kom samstarfsnefnd í sjávarútvegs- og landgrunnsámálum saman á skrifstofu utanríkisráðherra. Viðstaddir á fundinum voru eftirtaldir: utanríkisráðherra Emil Jónsson, sjávarútvegsmálaráðherra Eggert G. Þorsteinsson, Agnar Kl. Jónsson, ráðuneyttisstjóri, Már Elísson, fiskimálastjóri, Pétur Sigurðsson, forstjóri landheilgætgæzlunnar, Jón Arnalds, deildarstjóri, Gunnar G. Schram, deildarstjóri og Ingvar Hallgrímsson, fiskifræðingur.

Tilfni fundarins var að ræða greinargerð sem þeir Már Elísson og Gunnar G. Schram höfðu samið í júní s.l. um viðhorf í fiskveiði og landgrunnsámálum: "Greinargerð um leiðir til forgangsréttar Íslendinga á fiskimiðum landgrunnsins".

Gerðu þeir stuttlega grein fyrir efni greinargerðarinnar og þeim ástæðum, sem liggja til þess að þeir hafa samið hana. Það eru fyrst og fremst hin nýju viðhorf, sem eru að skapast í fiskveiðum á Norð-Austur Atlantshafi, vegna yfirvofandi hámarkskvótakerfa þar, sem verið geta óhagstæð Íslendingum. Jafnframt vegna möguleika á nýjum alþjóðasamningi um fasta fiskveiðilögsögu, sem gæti mjög bundið hendur Íslendinga í framtíðinni.

Allmiklar umræður urðu um þessi efni og greinargerðina á fundinum og voru menn almennt sammála um að gera þyrfti senn ráðstafanir í samræmi við þau heildarsjónarmið, sem þar er lýst. Jafnframt þyrfti þó að fara að málum með gát, m.a. til þess að ekki spilltu ráðstafanirnar fyrir hugsanlegri EFTA-aðild.

Þá var og vakin athygli á því, að nauðsynlegt væri að Hafrannsóknastofnunin hæfist strax handa um samræmda og ítarlega rannsóknaráætlun á ástandi og viðhaldi helztu nytjafiskistofna landgrunnsins, svo jafnan væru nýjustu upplýsingar tiltækar í þessum efnum, þegar á þyrfti að halda, vegna hugsanlegra aðgjörða. Sjávarútvegsmálaráðherra kom fram með þá hugmynd hvort ekki væri skynsamlegt að fyrsta skrefið í þessu efni yrði það að Alþingi léti vilja sinn í ljós og mótaði stefnuna, er það kæmi saman á nýjan leik.

Í fundarlok tók utanríkisráðherra saman helztu niðurstöður fundarins, en kjarni þeirra var þessi:

1. Nauðsynlegt sé að láta ekki tímann líða í aðgerðarleysi, heldur gera svo fljótt sem tækt þykir ráðstafanir, til þess að tryggja landgrunnshagsmuni Íslendinga.
2. Ekkert verði þó aðhafzt fyrr en kannaðar hafi verið niðurstöður varðandi undirtektir þjóða undir landhelgistillögur Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem væntanlega verður í október, en þá muni málin hafa skýrst fyrir næsta áfanga.
3. Samin skulu drög að yfirlýsingu Alþingis í landgrunnsmálunum samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem fram komu á fundinum, er ríkisstjórnin fái til athugunar og kynni þingflokk^unum, ef henni þykir það ráðlegt.

Í framhaldi af viðræðum fulltrúa vorra við yður og félag
yðar að tilhlutan O. E. E. C. í París hinn 8. og 9. febrúar s.l. og
með tilvísun til bréfs yðar dags. 8. þ.m. svo og símskeytis vors
dags. 12. marz og svarskeytis yðar dags. 13. marz, viljum vér
ekki láta hjá líða að taka fram, það, sem hér fer á eftir.

1. Eins og yður er kunnugt og staðfest hefir verið í framangreindum
skeytum, hefir ekki verið og mun ekki verða rætt um fiskveiði-
takmörkin né nokkur þau atriði, er það mál snerta.
2. Löndunarbann það, sem gilt hefir frá árinu 1952 hefir einungis
náð til fiske, semilandað hefir verið úr togurum eða flutninga-
skipum, en ekki freðfiske eða kassafiske enda eru hinar tvær
stívarnefnda tegundir háðar allt öðrum markaðslögmálum og
vér höfum auk þess ekkert umboð til að ræða um þann fisk.
Mun þá hér á eftir af vorri hálfu einungis verða rætt um fisk
úr togurum eða flutningaskipum.
3. Vér viljum láta í ljós áhægu vora að þér skuluð nú vera reiðu-
búnir til að leggja til við viðkomandi hafnarstjórnir, þar sem oss
er kunnugt um að þér elgið í sumum tilfellum fulltrúa, að skip
vor fái löndun í þeirri/sem þau koma og eftir teglunni, að sá er
fyrst kemur fái að landa fyrst án tillits til þjóðernis.
Teljum vér þetta svo mikilvægt atriði, að án þess væri ekki
hugsanlegt að ná samkomulagi við yður um mál það, sem hér
um ræðir.
4. Það er tillaga vor, að heildarmagn það, sem íslenskum skipum
skal heimilt að landa í breskum höfnum verði bundið við verðmæti
er nemi £2.500.000. Byggjum vér það á þeirri reynslu, sem
fékket á árunum áður en löndunarbannið var sett og tillit tekið
til þeirra aðstæðna, sem þá voru ríkjandi.
5. Undir lið 12 í bréfi yðar teljið þér æskilegt að fiskmagninu verði
skipt þannig, að helmingur þess verði þorskur en hitt ýsa,
heilagfiski og koli.
Oss er það fullvel ljóst af fyrri reynslu, að leggja ber á það megin-
áherslu, að fiskur sá, sem landað er sé sem fjölbreyttastur af
tegundum og að hlutfallslegt magn sé af hinum betri tegundum,
þar sem að öðrum kosti er hætt á, að markaðurinn yfirfyllist
af hinum lakari tegundum og það leiði til verðfalls. Er það að
sjálfsögðu ekki síður áhugamál vort en yðar, að ekki komi til
óeðlilegs verðfalls á markaðinum og munum vér því kappkosta

eftir því, sem unnt er, að landað verði sem fjölbreytilegustum tegundum af fiski og í hefilegum hlutföllum.

Vér viljum þó benda á það, að tölkan yðar á tölum þeim, sem þér tilfærir undir líti 15 í bréfi yðar og teknar eru úr skýrslum F.A.O. byggist á nokkrum misskilningi. Tölur þessar eru frá þeim tíma er mikill fjöldi vélbáta af öllum stærðum stunduðu dragnótaveiðar og togveiðar, en dragnótaveiðar voru þá heimilrar fyrir báta allt að 35 rúml. innan landhelgi á vissum tíma árs. Með útfærslu friðunarliðunnar lögðust þessar veiðar því nær alveg niður. T.d. stunduðu á s.l. ári einungis 3 litlir bátar dragnótaveiðar á öllu landinu og engir bátar stunduðu togveiðar á stærstu veiðisvæðunum fyrir suður- og suðvesturlandi, en einmitt frá þessum veiðum kom að langmestu leyti sá fiskur, sem skýrslur F.A.O. frá árinu 1951 greina.

Eftirfarandi tölur sýna hvernig aflí flatfiska hefir verið á árunum 1953/1955, samkvæmt staðfestri skýrslu Fisheries Association of Iceland:

	<u>1953:</u>	<u>1954:</u>	<u>1955:</u>
Halibut	454.250 kg.	384.653 kg.	278.532 kg.
Lemon sole	63.952 "	51.861 "	29.427 "
Plaice	246.980 "	190.882 "	247.205 "

Það skal viðurkennt að aflamagn af ýsu hefir aukist nokkuð en mjög miðmænt eftir mánuðum.

Af framansögðu er það ljóst, og eins og yður er kunnugt, er það með öllu ómögulegt að ábyrgjast tiltekið magn af flatfiski og ýsu frá mánuði til mánaðar, þótt vér séum til þess mjög fúsir, að gjöra vort ítrasta til þess að hafa fjölbreytnina af fiski sem mesta. Vér stingum þess vegna upp á því að engra ákveðinna skuldbindinga af þessu tagi verði krafist af vorri hendi, en það verði látið nægja, að vér lýsum því yfir, að vér munum leitast við (endeavour) að hafa sem flestar fisktegundir í hverjum farni.

Þá viljum vér enn fremur taka það fram, að vér erum yður algerlega sammála um, að vanda beri sem mest gæði fiskeins til þess að tryggja hag neytendanna.

6. Það er tillaga vor, að löndunum verði skift á 12 mánuði og sé tíma-bilið frá 1. sept. til 31. ágúst.

Verði skiftingin sem hér greinir:

September allt að	£250.000
Október " "	" 370.000
Nóvember " "	" 370.000
Desember " "	" 420.000
Janúar " "	" 420.000
Febrúar " "	" 300.000
Mars " "	" 150.000
Apríl/ágúst " "	" 200.000

Heimilt sé að yfirfæra milli mánaða þannig, að það sem vantar á, að verðmæti í hverjum mánuði nái ofangreindum upphæðum, yfirfærast til næsta mánaðar og koll af kolli, nema samkomulag verði um annað.

Samkvæmt upplýsingum, er vér teljum réttar, hafa togaræigendur í Stóra Bretlandi með sér samkomulag um að draga stórlega (25%) ? úr veiðum yfir sumar mánuðina, með því að leggja skipum upp og stunda aðrar veiðar en ísfiskveiðar, vegna þess að minni þörf er fyrir fisk þá mánuði heldur en aðra, vegna minni neyslu á fiski almennt. Það mundi því óhjákvæmilega frá voru sjónarmiði, leiða til glutting of the market, ef ísl. togarar tækju upp landanir yfir vor- og sumarmánuðina almennt, eins og þér stingið upp á. Vér gerum því það að vorri tillögu, að tiltölulega fáar, takmarkaðar, landanir eigi sér stað af vorri hálfu í mánuðundanf-
mað til ágúst, inclusive. Einnfremur er það vor tillaga, að í aprílmánuði löndum vér ekki nema að litlu leyti og rökstyðjum vér það með því, að yðar skip veiða þá samkvæmt venju, nokkurn veginn fyrir þörfum markaðsins, en vor stunda, einnig samkvæmt venju, veiðar í salt fyrir aðra markaði og gamla viðskiptavinum.

Samkvæmt áralangri reynslu er fiskneysla í Stóra Bretlandi miklu meiri yfir vetrarmánuðina, heldur en á öðrum tímum árs, enda viðurkennt af togaræigendum sjálfum, með því að halda þá öllum eigin skipum til ísfiskveiða, sem til þess eru fær.

Yfir vetrarmánuðina er það alkunnugt, að vegna storma eru íðulega langar og samanhangandi frátafir frá veiðum og mjög miklum erfiðleikum bundið að fá í skipin afla, þó stór og fullkomin séu og harðfengir sjómenn er gera sitt besta.

Samkvæmt vitneskju er fyrir liggur, er verð á fiski á markaði í Stóra Bretlandi yfirleytt miklum mun hærra yfir haust- og vetrarmánuðina heldur en á öðrum tímum árs. Er augljóst að

sú hækkun stafar af meiri eftirspurn.

Af þessu leiðir þá frá vora sjónarmiði, að eðlilegra er að veita meira fiskmagn á markaðina yfir haust- og vetrar- mánuðina og fullnægja þar með í enn ríkara mæli þörfum almenn- lags fyrir fisk.

Oss virðist því að hagsmunir beggja aðila fari saman í því, að ákveða, að aðallandanir ísl. togara verði í mánuðunum september, október, nóvember, desember, janúar, febrúar og mars.

7. Vér föllumst á þá tillögu yðar, undir liti 13 g. í bréfi yðar, að vér ákveðum sjálfir í hvaða höfnum fiski verði landað, þ. e. Hull, Grimsby, Fleetwood, Aberdeen, en viljum áskilja oss rétt til að landa í öðrum höfnum, einkum að því er snertir smærri skip.
8. Vér föllumst á þá tillögu yðar, undir liti 13 h. í bréfi yðar, að sett verði sérstök ráðgefandi nefnd og sé hún skipuð og hlutverk hennar ákveðið eftir nánara samkomulagi.
9. Vér föllumst á þá tillögu yðar, undir liti 19 í bréfi yðar, að vér notum sem umboðsmenn fisklandana í Hull, Grimsby, Aberdeen og Fleetwood, viðurkennda fulltrúa, sem eru members of relevant Port Associations, séu þeir fánlegir og njótum þá sömu kjara að því er landing labour, boxaleigu og leigu fyrir áhöld snertir sem U. K. útgerðarmenn, en greiðum þá jafnframt til Promotion fund British Vessels sama og þeir greiða nú af hverju kitti, en eigi herra, nema samkomulag verði um annað og sé það eingöngu notað til auglýsingastarfssemi til aukinnar neyslu á fiski.
10. Í sambandi við liti 14, 3. málsg. í bréfi yðar, teljum vér rétt til frekari upplýsinga, að vekja athygli á eftirfarandi.

A. Ísfisklandanir Íslendinga á árunum 1939-45, áttu sér stað sem hér segir, talið í kílógrömmum og cwts.:

1939:	15.363.000 kg.	3.024.212,59 cwts.
1940:	80.911.000 "	15.907.677,16 "
1941:	45.900.000 "	9.035.433,07 "
1942:	60.749.000 "	11.958.464,56 "
1943:	71.754.000 "	14.124.803,14 "
1944:	88.371.000 "	17.395.866,14 "
1945:	115.322.000 "	22.701.181,10 "

og á árunum 1945 til 1952 var enn fremur landað ísfiski sem hér segir, einnig talið í kílógrömmum og cwts.:

1946:	70.491.000 kg.	13.876.181,10 cwts.
1947:	59.813.000 "	11.774.212,59 "
1948:	59.382.000 "	11.689.370,07 "
1949:	55.506.000 "	10.926.574,80 "
1950:	26.900.000 "	5.295.275,59 "
1951:	44.433.000 "	8.746.653,54 "
1952:	20.639.000 "	4.062.795,27 "

Eftir þeim upplýsingum, er vér höfum og teljum réttar, varð heildarmagn það, er Íslendingar færðu broskum almenningi af físki á árunum 1939-1945 í vissum tilfellum allt að 75% af öllum físki er til Stóra Bretlands barst á þeim tíma.

Verð það, er Íslendingar fengu fyrir fískinn á þessum árum, var ákveðið af kaupendunum sjálfum, án slutunar Íslendinga og var hið sama og útgerðarmenn í U. K. fengu fyrir sinn fisk.

B. Á árunum 1939-45, þegar Íslendingar fluttu mest af físki til U. K. urðu þeir fyrir stórfelldu tjóni á mönnum og skipum. Sve að segja hver fleyta, sem flotið gat, sigldi til U. K. með físk, eða allt niður í 50 smálesta bát.

Íslendingar mistu 21% af togaraflota sínum á þessum árum og þeirra á meðal stærsta og bestu skipin "With all hands".

C. Á árunum 1939-45 breyttum við okkar framleiðsluháttum á fiski og yfirgáfum fyrri viðskiptavinum tilhvatir og fyrst og fremst með það fyrir augum, hvað brosku þjófinni hentaði.

Eftir styrjöldina tókum við að nokkru upp viðskipti við okkar fyrri viðskiptaþjófir og hurfum að fyrri verkunaraðferðum. Þegar löndunarbanntið var sett á Íslenskan fisk í Bretlandi, fyrirvaralaust, urðum við að auka í stórum stíl ýmsar verkunaraðferðir fyrirvaralítið, og reyndist það í ýmsum tilfellum óhagkvæmt, miðað við það, á hve skömnum tíma það varð að gerast, auk þess, sem það hafði í för með sér aukningu á innkaupum frá þeim löndum, sem keyptu framleiðslu okkar í hinum nýja bánding. án tillits til þess, hvað hagkvæmt var fyrir okkar.

D. Á árunum 1946-50 létu Íslendingar byggja allan sinn togaraflota í Stóra Bretlandi, eða 43 skip að töl. Viðskiptin milli Íslands og Stóra Bretlands hafa verið á árunum 1946-1955 sem hér segir, reiknað í ísl. krónum:

	<u>Innflutt frá U. K. :</u>	<u>Útflutt til U. K. :</u>	<u>Innfl. frá U. K. umfram útflutning:</u>
1946:	161.505.000.-	105.766.000.-	55.739.000.-
1947:	167.780.000.-	105.432.000.-	82.348.000.-
1948:	137.116.000.-	116.310.000.-	20.806.000.-
1949:	115.093.000.-	104.230.000.-	10.863.000.-
1950:	122.039.000.-	49.562.000.-	72.477.000.-
1951:	265.164.000.-	170.336.000.-	94.828.000.-
1952:	188.592.000.-	89.170.000.-	99.422.000.-
1953:	128.857.000.-	74.157.000.-	54.700.000.-
1954:	129.304.000.-	79.183.000.-	50.121.000.-
1955:	137.647.000.-	70.496.000.-	67.151.000.-
	<u>1573.097.000.-</u>	<u>964.642.000.-</u>	<u>608.455.000.-</u>
	*****	*****	*****

Er af þessu yfirliti ljóst, að á þessum tíu árum hefir innflutningur Íslands frá U. K. numið alla sex hundruð og átta miljónum króna rösklega umfram það, sem Bretar hafa af okkur keypt, eða rúmum 60 miljónum króna árlega. Verður því ekki annað sagt en að Íslendingar eigi á því samgirniskröfu, að núverandi hömlum á íslenskum fiski verði aflétt skilyrðislaust á U. K. markaði, enda er fiskur og fiskafurðir það eina, sem Íslendingar geta greitt með fyrir innflutning frá Bretlandi.

Að lokum leyfum vér oss að þakka fyrir hís virðulega boð um þátttöku í hátíðahöldum í tilefni af Grimsby's Centenary as fishing port.

Eftir að hafa rætt við yður og félaga yðar að tilhlutan O. E. E. C. í París hinn 8. og 9. febrúar síðast liðinn, og nú hinn 11. mars móttekið uppástungur yðar og tillögur varðandi endurteknar landanir á íslenskum ísfiski í Stóra Bretlandi, leyfum vér oss að leiða athygli yðar að eftirfarandi:

I. Ísfisklandanir Íslendinga á árunum 1939-45 áttu sér stað sem hér segir, talið í kílógrömmum og cwt.:

1939:	15.363.000 kg.	3.024.212,59 cwt.
1940:	80.811.000 "	15.907.677,16 "
1941:	45.900.000 "	9.035.433,07 "
1942:	60.749.000 "	11.958.464,56 "
1943:	71.754.000 "	14.124.803,14 "
1944:	88.371.000 "	17.395.866,14 "
1945:	115.322.000 "	22.701.181,10 "

og á árunum 1945 til 1952 var enn fremur landað ísfiski sem hér segir, einnig talið í kílógrömmum og cwt.:

1946:	70.491.000 kg.	13.876.181,10 cwt.
1947:	59.813.000 "	11.774.212,59 "
1948:	59.382.000 "	11.689.370,07 "
1949:	55.507.000 "	10.926.574,80 "
1950:	26.900.000 "	5.295.275,59 "
1951:	44.433.000 "	8.746.653,54 "
1952:	20.639.000 "	4.062.795,27 "

Eftir þeim upplýsingum, er vér höfum og teljum réttar, varð heildarmagn það, er Íslendingar færðu broskum almenningi af ísfiski á árunum 1939-1945 í vissum tilfellum allt að 75% af öllum ísfiski er til Stóra Bretlands barst á þeim tíma.

Verð það, er Íslendingar fengu fyrir ísfiskinn á þessum árum, var ákveðið af kaupendunum sjálfum án íhlutunar Íslendinga og var hið sama og útgerðarmenn í U. K. fengu fyrir sinn fisk.

II. Á árunum 1939-45, þegar Íslendingar fluttu mest af ísfiski til U. K., urðu þeir fyrir stórfelldu tjóni á mönnum og skipum. Sve að segja hver fleyta, sem flotið gat, sildgi til U. K. með ísfisk, eða allt niður í 50 smálesta báta.

Íslendingar mistu 21% af togaraflota sínum á þessum árum og þeirra á meðal stærstu og bestu skipin "With all hands".

- III. Á árunum 1939-45 breyttum við okkar framleiðsháttum á fiski og yfirgáfum fyrri viðskiptavinum tilhvatir og fyrst og fremst með það fyrir augum, hvað brezku þjóðinni hentaði. Eftir styrjöldina tókum við að nokkru upp viðskipti við okkar fyrri viðskiptaþjóðir og hurfum að nokkru að fyrri verkunaraðferðum. Þegar löndunarbannið var sett á íslenskan fisk í Bretlandi, fyrirvaralaust, urðum við að auka í stórum stíl ýmsar verkunaraðferðir fyrirvaralítið, og reyndist það í ýmsum tilfellum óhagkvæmt miðað við það, á hve skömmum tíma það varð að gjörast, auk þess, sem það hafði í för með sér aukningu á innkaupum frá þeim löndum, sem keyptu framleiðslu okkar í hinum nýja búningi, án tillits til þess, hvað hagkvæmt það var fyrir okkur.
- IV. Á árunum 1946-50 létu Íslendingar byggja allan sinn togaraflota í Stóra Bretlandi, eða 43 skip að tölu. Viðskiptin milli Íslands og Stóra Bretlands hafa verið á árunum 1946-1955, sem hér segir, reiknað í ísl. krónum:

	<u>Innflutt frá U. K. :</u>	<u>Útflutt til U. K. :</u>	<u>Innfl. frá U. K. umfram útflutn.</u>
1946:	161.505.000.-	105.766.000.-	55.735.000.-
1947:	187.780.000.-	105.432.000.-	82.348.000.-
1948:	137.116.000.-	116.310.000.-	20.806.000.-
1949:	115.093.000.-	104.230.000.-	10.863.000.-
1950:	122.039.000.-	49.562.000.-	72.477.000.-
1951:	265.164.000.-	170.336.000.-	94.828.000.-
1952:	188.592.000.-	89.170.000.-	99.422.000.-
1953:	128.857.000.-	74.157.000.-	54.700.000.-
1954:	129.304.000.-	79.183.000.-	50.121.000.-
1955:	137.647.000.-	70.496.000.-	67.151.000.-
	<u>1573.097.000.-</u>	<u>964.642.000.-</u>	<u>608.455.000.-</u>

Er af þessu yfirliti ljóst, að á þessum tíu árum hefir innflutningur Íslands frá U. K. numið alls sex hundruð og átta milljónum króna rösklega, umfram það, sem Bretar hafa af okkur keypt, eða rúmum 60 milj. króna árlega. Verður því ekki annað sagt en að Íslendingar eigi á því sanngirniskröfu, að núverandi hömlun á íslenskum fiski verði aflétt skilyrðislaust á U. K. markaði.

- V. Þegar fiskmarkaðinum í stóra Bretlandi var lokað fyrir okkur, var hann opnaður fyrir nýjum viðskiptavinum, sem landa þar í ríkum mæli nú, en lönduðu engu á árunum 1939-45. Að þess hefir, samkvæmt frásögn yðar, bæzt við togaraflota Stóra Bretlands nokkur fjöldi skipa. Samkvæmt upplýsingum, er vér teljum réttar, hafa togaraeigendur í Stóra Bretlandi með sér samkomulag um að draga

stórlega (25%) ? úr verðinu yfir sumarmánuðina, með því að leggja skipum upp og stunda aðrar veiðar en ísfiskveiðar, vegna þess að minni þörf er fyrir fisk þá mánuði heldur en aðra, vegna minni neyzlu á fiski almennt. Það mundi því óhjákvæmilega frá voru sjónarmiði, leiða til glutting of the market, ef ísl. togarar tækju upp landanir yfir vor- og sumarmánuðina almennt, eins og stungið er upp á.

Vér viljum því gera það að vorri tillögu, að tiltölulega fáar takmarkaðar landanir eigi sér stað af vorri hálfu í mánuðunum maí til ágúst inclusive. Ennfremur er það vor tillaga, að í aprílmánuði löndum vér ekki nema að litlu leyti og rökstyðjum það með því að yðar skip fiska þá samkvæmt venju, nokkurn veginn fyrir þörfum markaðsins, en vor stunda, einnig samkvæmt venju, veiðar í salt fyrir aðra markaði og gamla viðskiptavinum.

- V. Samkvæmt áralangri reynslu er fiskneyzla í Stóra Bretlandi miklu meiri yfir vetrarmánuðina, heldur en á öðrum tímum árs, enda viðurkennt af togaraeigendum sjálfum, með því að halda þá öllum eigin skipum til ísfiskveiða, sem til þess eru fær.

Yfir vetrarmánuðina er það alkunnugt, að vegna storma eru iðulega langar og samanhagandi frátafir frá veiðum og mjög miklum erfiðleikum bundið að fá í skipin afla, þó stór og fullkomin séu og harðfengir sjómenn er gjöra sitt bezt.

Samkvæmt vitneskju er fyrir liggur, er verð á fiski á markaði í Stóra Bretlandi yfirleytt miklum mun hærra yfir haust- og vetrarmánuðina heldur en á öðrum tímum árs. Er augljóst að sú hækkun stafar af meiri eftirspurn.

